



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 101 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Til skólastjóra grunnskóla, sveitarfélaga,  
skólaþjónustu sveitarfélaga, foreldrafélaga og  
annarra hagsmunaaðila

Reykjavík 2. febrúar 2018  
Tilv.: MMR18010127/30.61.3-

Efni: PISA 2018 fyrir 15 ára nemendur.

Með bréfi þessu vill mennta- og menningarmálaráðuneyti óska eftir góðu samstarfi við starfsfólk grunnskóla, sveitarfélög, skólaþjónustu sveitarfélaga og foreldrafélög um að kynning, undirbúningur og framkvæmd á PISA takist sem best.

Í mars nk. verður PISA könnunin lögð fyrir nemendur í sjöunda skipti og einnig svara þeir spurningalista þar sem spurt er m.a. um viðhorf þeirra til náms, námsvenjur og athafnir utan skóla og aðra þætti sem miklu skipta í námi.

Mikilvægt er að hvetja alla nemendur til að takast á við PISA könnunina með jákvæðu hugarfari þannig að þeir leggi sig fram og geri sitt besta þegar þeir leysa einstök verkefni og svara spurningalistanum samviskusamlega. Miklu skiptir að skólar skapi svigrúm fyrir starfsfólk og nemendur á meðan á fyrirlögn stendur.

PISA er umfangsmikil alþjóðleg langtímarannsókn á vegum OECD á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúrufræði og læsi á stærðfræði. PISA könnunin sem nær til yfir 80 þjóða er eina alþjóðlega samanburðarrannsóknin á frammistöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi.

Með PISA rannsókninni fá stjórnendur menntamála, fræðimenn, skólafólk og allur almenningur mikilvægar upplýsingar um stöðu grunmenntunar sem nýtast við að móta áherslur í menntun til framtíðar. Hér á landi studdust fræðslufirvöld m.a. við niðurstöður PISA þegar komið var á fót verkefninu *Þjóðarsáttmáli um læsi* með þátttöku allra sveitarfélaga í landinu, samtaka kennara og skólastjórnenda, foreldra og annarra aðila.

Menntamálastofnun mun í nánú samráði við hagsmunaaðila og fulltrúa ungmenna útbúa sérstakt kynningarefni í tengslum við fyrirlögn PISA og vinna síðan að því að veita sem gleggstar upplýsingar um niðurstöðurnar.

Ljía D. Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra